

Ljósleiðarinn ehf.

Ársreikningur 2021

Ljósleiðarinn ehf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 691206-3780

Efnisyfirlit


	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	9
Yfirlit um heildarafkomu	10
Efnahagsreikningur	11
Eiginfjárfirlit	12
Sjóðstreymisyfirlit	13
Skýringar	14

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ljósleiðarinn ehf. er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, laga um fjarskipti nr. 81/2003 og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (OR) sem dótturfélag OR, sbr. 2. gr. laganna. Félagið er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu.

Hlutverki samstæðu OR er lýst í lögum um fyrirtækið. Þar á meðal er gagnaveita og Ljósleiðarinn ehf. leggur og rekur víðfeðmt ljósleiðaranet sem nýtt er af fjarskiptafyrirtækjum til að veita netþjónustu til heimila, fyrirtækja og stofnanna.

Yfirlitsmyndin að neðan sýnir starfsemi samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Nánar er fjallað um virðiskeðju OR samstæðunnar og hagsmunaaðila að henni í skýrslu stjórnar og forstjóra í samstæðureikningi OR. Þar er einnig fjallað um ófjárhagslega þætti; umhverfis- og loftslagsmál, samfélagsleg mál og stjórnarhætti í samstæðunni. Enn ítarlegri umfjöllun um þá þætti má finna í stjórnháttaköflum Ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2021. Hún er rafræn á slóðinni arsskyrsla2021.or.is og þar er einnig að finna skýrsluna á pdf-sniði.



Fjárhagslegar niðurstöður 2021

Hagnaður af rekstri Ljósleiðarans ehf. á árinu 2021 nam 273,3 milljónum kr. (2020: 312,3 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 29.521 milljónum króna (31.12.2020: 24.012 milljónir kr.). Eigið fé nam 11.355 milljónum kr. í árslok (31.12.2020: 8.272 milljónir kr.) og var eiginfjárlutfall félagsins 38.5% (31.12.2020: 34,4%).

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2021 er 46 (2020: 47,3 ársverk).

Stjórn Ljósleiðarans leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til eiganda á árinu 2022 vegna rekstrarársins 2021. Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórnarhættir Ljósleiðarans eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Um Ljósleiðarann og aðra meginstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga gilda lög nr. 136/2013. Á árinu 2014 endurnýjuðu eigendur fyrirtækisins sameignarsamning um starfsemina. Þá var einnig endurskoðuð eigendastefna. Í þeim er kveðið á um stjórnarhætti. Við gerð þessara skjala, samþykktu fyrir dótturfélög og starfsreglur fyrir allar stjórnir, var tekið mið af þeim leiðbeiningum um stjórnarhætti, sem Viðskiptaráð vann í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq.

Siðareglur OR-samstæðunnar byggja á heiðarleika, sem er eitt af gildum OR og Ljósleiðarans. Siðareglurnar eru skráðar og opinberar og eiga að hjálpa starfsfólki að láta heiðarleika, virðingu og jafnrétti einkenna öll samskipti hvort sem er við viðskiptavini, samstarfsfólk, stjórn, verktaka eða aðra hagsmunaaðila. Þær eru ekki tæmandi og leysa þau sem þær ná til ekki undan þeirri ábyrgð að reiða sig á eigin samvisku þegar siðferðileg álitamál koma upp.

Samkvæmt samþykktum félagsins skal stjórn félagsins skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara. Skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% meðal aðal- og varamanna og skulu hlutföllin í stjórn og varastjórn í heild vera sem jöfnust. Að minnsta kosti þrír aðalmanna ásamt varamönnum skulu vera starfsmenn samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Stjórnarfolk skal hafa staðgóða menntun sem nýtist í starfi, og hafa reynslu og þekkingu á starfssviði félagsins. Stjórn skal sjálf skipta með sér verkum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ljósleiðarans ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021.

- Birna Bragadóttir, forstöðukona Elliðaárstöðvar, formaður.
- Áslaug Árnadóttir, hæstaréttarlögmaður.
- Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur í fjárfstýringu og greiningum OR.
- Gunnar Ingvi Þórisson, framkvæmdastjóri og netsérfræðingur.
- Pálmi Símonarson, sérfræðingur í viðskiptagreind.

Framkvæmdastjóri er Erling Freyr Guðmundsson, viðskiptafræðingur og rafvirki.

Hjá samstæðunni er skráð verklag um meðferð mála þegar ætla má að starfsmaður hafi brotið gegn reglum fyrirtækisins eða hafi orðið uppvis að sviksemi í starfi. Verklagsreglan er öllu starfsfólki aðgengileg á innri vef fyrirtækisins. Þar er tilgreint hvað telst frávík eða brot í starfi. Verði starfsmaður var við hugsanlegt brot annars starfsmanns eða starfsmanna í starfi eða grunur vaknar um sviksamt athæfi eða atvik ber að tilkynna það til næsta yfirmanns. Einnig er hægt að tilkynna hugsanleg brot eða sviksemi til innri endurskoðanda fyrirtækisins. Þeim sem berast ábendingar um hugsanleg brot eða sviksemi eiga að upplýsa það en gæta ber fyllsta trúnaðar við meðferð slíkra upplýsinga. Lögræðingur OR veitir jafnframt ráðgjöf eða lagalega aðstoð eftir atvikum. Framkvæmdastjóri Ljósleiðarans og forstöðumenn bera ábyrgð á innra eftirliti hver á sínu sviði. Rekstrareiningin Áhættustjórnun og ferli ber ábyrgð á að innri eftirlitskerfi innan samstæðunnar séu virk. Gæðakerfi Ljósleiðarans njóta óháðrar vottunar ytri aðila.

Nánar er fjallað um stjórnarhætti í skýrslu stjórnar og forstjóra og áhættuskýringu nr. 27-31 í Ársreikningi samstæðu OR 2021.

Á árinu 2021 var heiti Gagnaveitu Reykjavíkur breytt í Ljósleiðarinn ehf. Til grundvallar lágu gögn um styrk vörumerkisins „Ljósleiðarinn,“ sem Gagnaveita Reykjavíkur hafði veitt þjónustu sína undir um árabíl. Breytingin gekk klakklaust fyrir sig.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Uppbygging fjarskiptakerfis Ljósleiðarans á árinu 2021 var einkum í Reykjanesbæ auk þess sem tengdar voru nýbyggingar í þeim sveitarfélögum sem kerfi fyrirtækisins náði þegar til. Uppbyggingin var í samræmi við áætlanir.

Kórónuveirufaraldurinn hafði margvísleg áhrif á starfsemi OR samstæðunnar á árunum 2020 og 2021, meðal annars á vinnustaðinn sjálfan. Vísbendingar eru um að tryggð starfsfólks við vinnustaði hafi minnkað í faraldrinum. Ekki kom til skertrar þjónustu Ljósleiðarans á árinu vegna faraldursins en fyrirtækið setti og fylgdi eftir strangari sóttvarnarreglum fyrir starfsfólk sitt en giltu almennt í samfélaginu á hverjum tíma.

Eldgos sem hófst á Reykjanesskaga snemma árs 2021 ógnaði landsinnviðum fjarskipta og brást Ljósleiðarinn þá skjótt við og lagði nýjan streng sem sérstaklega var varinn gegn hraunstreymi. Hann var lagður í samstarfi við önnur fjarskiptafyrirtæki og orkufyrirtæki sem eiga hagnuna að gæta af traustum fjarskiptum á svæðinu. Framtíkið kom sér afar vel því eldri burðarstreng fjarskipta tók í sundur vegna eldgossins.

Loftslagsvá sem kann að steðja að Ljósleiðaranum, búnaði hans eða rekstri, er almenn en ekki hafa verið borin kennsl á neina sérstaka áhættuþætti í rekstri fyrirtækisins tengdri breytingum á loftslagi. Kolefnisspor Ljósleiðarans er einkum af verklegum framkvæmdum, þ.e. kaupum á búnaði og þjónustu verktaka við lagningu strengja. Ljósleiðarinn kolefnisjafnaði starfsemina að fullu árið 2021 í gegnum Vottlendissjóð.

Á árinu 2021 gaf OR út siðareglur fyrir birgja samstæðunnar. Þær byggjast á 10 stöðum Global Compact samstarfsins á vegum Sameinuðu þjóðanna og tilgangur útgáfunnar er að ná betri tókum á sjálfbærni allrar virðiskeðju samstæðunnar. Með því að samþykkja siðareglurnar með undirskrift gengst birginn undir kröfur um virðingu fyrir mannréttindum, reglum vinnumarkaða, umhverfinu og að beita sér gegn spillingu. Samsvarandi kröfur hafa verið í útboðsgögnum OR um árabíl en með þessu eru gerðar samsvarandi kröfur í minni innkaupum en þeim sem fara í formleg útboð.

Markaðsáhætta Ljósleiðarans jókst á árinu 2021 með því að nýr erlendum fjárfestir boðaði komu á íslenskan fjarskiptamarkaði sem virðist vera að þróast í átt aukinnar samþjöppunnar, einkum á þeim heildsölumarkaði sem Ljósleiðarinn starfar á. Fyrirtækið hefur brugðist við með ýmsum hætti – hvort tveggja í uppbyggingu nets síns og með bættri fjármögnun í árangursríkum skuldabréfaútboðum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Ljósleiðarans er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ljósleiðarans ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021.

Reykjavík, 25. febrúar 2022

Í stjórn félagsins:

Birna Bragadóttir
Áslaug Árnadóttir
Gísli Björn Björnsson
Gunnar Ingvi Þórisson
Pálmi Símonarson

Framkvæmdastjóri:

Erling Freyr Guðmundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Ljósleiðarans.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ljósleiðarans ehf. („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag hans 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og íslensk lög og reglur um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð samstæðunni. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við faglegu mati (e. professional judgement) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn Ljósleiðarans ehf. og endurskoðunarnefnd samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk veruleg atriði sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt Ljósleiðaranum ehf. þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent endurskoðunarnefnd samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óháði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óháði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óháði okkar, ef við á.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við vorum kjörnir endurskoðendur félagsins á aðalfundi þann 14. apríl 2021 en þetta er fjórða samfellda reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur félagsins.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 25. febrúar 2022.

Davíð Arnar Einarsson, löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur		3.395.618	3.109.609
Laun og launatengd gjöld	3 (	285.026)	(253.963)
Annar rekstrarkostnaður	(	724.176)	(628.145)
Rekstrarkostnaður samtals.....	(	1.009.202)	(882.108)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA).....		2.386.415	2.227.501
Afskriftir	6 (	1.197.735)	(1.093.100)
Rekstrarhagnaður (EBIT).....		1.188.680	1.134.401
Vaxtatekjur		5.053	684
Vaxtagjöld og verðbætur	(	849.393)	(745.173)
Gengismunur	(	2.679)	419
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(	847.019)	(744.070)
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....		341.661	390.331
Tekjuskattur	5 (	68.336)	(78.070)
Hagnaður ársins		273.325	312.261

Skýringar á bls. 14-32 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Yfirlit um heildarafkomu 2021

	Skýr.	2021	2020
Hagnaður ársins		273.325	312.261
Önnur heildarafkoma			
Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstarreikning			
Endurmat, hækkun	6	3.511.988	0
Tekjuskattur af endurmati	12	(702.398)	0
		2.809.590	0
Önnur heildarafkoma eftir skatta		2.809.590	0
Heildarafkoma		3.082.915	312.261

Skýringar á bls. 14-32 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020	1.1.2020
Eignir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	27.751.777	22.817.809	21.996.831
Fjárfestingabirgðir	(	0)	14.750	16.188
Leigueign	7	636.101	657.583	685.806
Fastafjármunir samtals		28.387.878	23.490.142	22.698.825
Viðskiptakröfur	8	394.502	423.319	442.566
Aðrar skammtímakröfur	8	705.934	68.433	146.094
Handbært fé	9	32.501	30.221	84.467
Veltufjármunir samtals		1.132.938	521.973	673.127
Eignir samtals		29.520.816	24.012.114	23.371.952
Eigið fé				
Hlutfé		6.500.000	6.500.000	6.500.000
Endurmatsreikningur		3.626.615	870.456	898.164
Lögbundinn varasjóður		135.111	107.778	76.552
Óráðstafað eigið fé		1.092.991	793.566	484.823
Eigið fé samtals		11.354.716	8.271.800	7.959.539
Skuldir				
Vaxtaberandi skuldir	11	14.269.376	12.803.716	12.462.394
Tekjuskattsskuldbinding	12	1.308.097	556.124	478.054
Leiguskuld	7	597.779	613.032	633.232
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		16.175.252	13.972.872	13.573.679
Viðskiptaskuldir	13	311.558	156.376	406.523
Ógreiddir reiknaðir skattar	5	18.760	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	13	374.040	262.477	222.116
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda	11	1.215.615	1.281.415	1.145.748
Næsta árs afborgun leiguskulda	7	70.875	67.173	64.346
Skammtímaskuldir samtals		1.990.848	1.767.442	1.838.733
Skuldir samtals		18.166.100	15.740.314	15.412.412
Eigið fé og skuldir samtals		29.520.816	24.012.114	23.371.952

Skýringar á bls. 14-32 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit 2021

Árið 2021	Hlutfé	Sérstakur endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2021	6.500.000	870.456	107.778	793.566	8.271.800
Sérstakt endurmat hækkun		3.511.988			3.511.988
Tekjuskattsáhrif af endurmati	(	702.398)		(	702.398)
Innlaun endurmats vegna afskrifta	(	66.790)		66.790	0
Tekjuskattsáhrif af innlaun endurmats		13.358		(	13.358)
Framlag í lögbundinn varasjóð			27.333	(	27.333)
Hagnaður ársins				273.325	273.325
Eigið fé 31. desember 2021	6.500.000	3.626.615	135.111	1.092.991	11.354.716
Árið 2020					
Eigið fé 1. janúar 2020	6.500.000	898.164	76.552	484.823	7.959.539
Innlaun endurmats vegna afskrifta	(	34.635)		34.635	0
Tekjuskattsáhrif af innlaun endurmats		6.927		(	6.927)
Framlag í lögbundinn varasjóð			31.226	(	31.226)
Hagnaður ársins				312.261	312.261
Eigið fé 31. desember 2020	6.500.000	870.456	107.778	793.566	8.271.800

Skýringar á bls. 14-32 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisýfirlit 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		273.325	312.261
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		847.019	744.070
Tekjuskattur	5	68.336	78.070
Afskriftir	6	1.197.735	1.093.100
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		2.386.415	2.227.501
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(	65.405)	84.777
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)		168.555	(92.223)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		2.489.566	2.220.055
Innborgaðar vaxtatekjur		5.053	684
Greidd vaxtagjöld	(	560.227)	(560.302)
Handbært fé frá rekstri		1.934.392	1.660.436
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(	2.479.424)	(1.968.350)
Fjárfestingabirgðir		14.750	1.438
Fé í ávöxtun hjá tengdum félögum, breyting	9	(536.938)	11.485
Fjárfestingarhreyfingar	(	3.001.613)	(1.955.427)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun lána við lánastofnanir	(	6.023.927)	(1.150.876)
Afborgun leiguskulda	(	41.614)	(38.379)
Tekin ný langtímalán		7.134.330	1.430.000
Fjármögnunarhreyfingar		1.068.789	240.745
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.568	(54.246)
Handbært fé í ársbyrjun		30.221	84.467
Gengismunur handbærs fjár		712	0
Handbært fé í árslok		32.501	30.221
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(	88.936)	103.362
Skammtímaskuldir, breyting		88.936	(103.362)
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		1.809.569	1.681.437
Veltufé frá rekstri greinist þannig:			
Hagnaður ársins		273.325	312.261
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Afskriftir		1.197.735	1.093.100
Verðbætur langtímalána		288.933	198.006
Tekjuskattsskuldbinding		49.576	78.070
Veltufé frá rekstri		1.809.569	1.681.437

Skýringar á bls. 14-32 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Ljósleiðarinn ehf. "félagið" er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið rekur fjarskiptakerfi til gagnaflutninga og er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og er hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitunnar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins 25. febrúar 2022.

Þetta er fyrsti ársreikningur félagsins sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlunum og hefur IFRS 1, Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, verið beitt við gerð hans.

Gerð ársreikningsins samkvæmt IFRS leiðir til breyttra reikningsskilaaðferða frá því sem var samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum félagsins, þar sem áður var farið eftir íslenskum reikningsskilareglum. Reikningsskilaaðferðunum sem lýst er hér fyrir neðan hefur verið beitt á öllum þeim tímabilum sem sýnd eru í þessum ársreikningi. Að auki hefur þeim verið beitt í gerð upphafsefnahagsreiknings sem miðast við 1. janúar 2020. Upplýsingar um áhrif af breyttum reikningsskilaaðferðum eru í skýringu 19. Skýringin sýnir afstemmingu á eigin fé og heildarafkomu félagsins samkvæmt íslenskum reikningsskilareglum annarsvegar og IFRS hinsvegar.

Fjallað er um reikningsskilaaðferðir félagsins í skýringu 17.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir hafa verið endurmetnir til gangvirkis.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins eru gerð í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill þess. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er að finna í skýringu 6 um varanlega rekstrarfjármuni. Einnig er í skýringu 12 umfjöllun um mat á tekjuskattsskuldbindingu félagsins.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

	2021	2020
Laun	587.917	572.046
Mótframlag í lífeyrissjóði	76.991	74.891
Önnur launatengd gjöld	51.892	52.444
Laun og launatengd gjöld samtals	716.800	699.381

Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í árshlutareikninginn:

Gjaldfært í rekstrarreikningi	285.026	253.963
Eignfært á framkvæmdir	431.774	445.418
Laun og launatengd gjöld samtals	716.800	699.381

Starfsmannafjöldi:

Fjöldi ársverka	46,0	47,3
-----------------------	------	------

Laun stjórnenda:

Heildarlaun og þóknunir til stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu námu 34,3 milljónum kr. (2020: 30,9 milljónir kr.)

4. Þóknun greidd til endurskoðanda

	2021	2020
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar ársuppgjöra	2.376	1.447
Samtals þóknun greidd til endurskoðanda	2.376	1.447

5. Tekjuskattur

	2021	2020
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		
Tekjuskattur til greiðslu	18.760	0
Breyting á frestuðum tekjuskatti	49.576	78.070
Gjaldfærður tekjuskattur	68.336	78.070

Virkt skatthlutfall greinist þannig:

	2021	2020
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	341.661	390.331
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0% 68.332	20,0% 78.066
Aðrir liðir	0,0% 4	0,0% 4
Virkur tekjuskattur	20,0% 68.336	20,0% 78.070

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Ljósleiðarakerfi	31.12.2021	31.12.2020
Heildarverð		
Staða í ársbyrjun	31.611.980	29.746.992
Viðbætur á árinu	2.568.360	1.864.988
Endurmat	4.715.544	0
Staða í árslok	38.895.885	31.611.980
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun	8.794.171	7.750.161
Viðbætur á árinu	1.146.380	1.044.010
Endurmat	1.203.556	0
Staða í árslok	11.144.108	8.794.171
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun	22.817.809	21.996.831
Bókfært verð í árslok	27.751.777	22.817.809

Endurmat

Við endurmat eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Endurmat er fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti samanber skýringu 17c. Endurmat var framkvæmt vegna ljósleiðarakerfis í lok september en það er hluti af reglubundnu endurmati eigna fyrirtækisins. Endurmatið á árinu leiddi til hækkunar á bókfærðu verði ljósleiðarakerfis um 3.512 milljónir kr.

Virðisrýrnunarpróf voru gerð miðað við stöðu eigna í lok september til að staðfesta hvort eignir í notkun standi undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Niðurstaða virðisrýrnunarprófs leiðir ekki til virðisrýrnunar. Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er hærri en endurheimtanleg fjárhæð. Endurheimtanleg fjárhæð eignar er nýtingarvirði sem er fundið með því að núvirða framtíðarsjóðstreymi. Við útreikning er miðað við afvöxtunarhlutfall fyrir skatta sem endurspeglar núgildandi mat markaðar á tímavirði peninga og þeirri sérstöku áhættu sem eigin felur í sér. Á hverjum uppgjörsdegi er lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um virðisrýrnun. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning, nema að því marki sem um er að ræða viðsnúning á áður færðir endurmatshækkun sem færa skal til lækkunar á sérstökum endurmatsreikningi.

Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok

Endurmetið bókfært verð	27.751.777	22.817.809
Þar af áhrif endurmats	4.533.268	1.088.070
Bókfært verð án endurmats	23.218.509	21.729.739

Brunabótamat

Vátryggingaverðmæti eigna félagsins er 25.423 milljónir kr. í árslok 2021 (2020: 20.053 milljónir kr.)

7. Leigueignir og leiguskuldir

Sjá lýsingu á reikningsskilaaðferðum í skýringu 17g.

Félagið leigir fasteignir og lóðir. Þessir leigusamningar eru til mis langs tíma en yfirleitt með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans. Sumir leigusamningar innifela viðbótar leigugreiðslur sem eru byggðar á breytingu á tilteknum vísitölum. Félaginu er óheimilt að gera samninga um framleigu vegna ákveðinna leigusamninga.

Félagið kys að færa ekki leigueignir og leiguskuldir vegna skammtímaleigusamninga og vegna leigusamninga um eignir með lágt verðgildi. Félagið gjaldfærir leigugreiðslur vegna þessara leigusamninga línulega á leigutíma.

Skýringar

7. Leigueignir og leiguskuldir, frh.

Leigueignir greinast þannig:

	2021	2020
Leigueignir		
Staða í ársbyrjun	657.583	685.806
Viðbætur vegna nýrra eða framlengdra samninga á árinu	4.154	8.989
Verðbætur af leigueign	25.720	11.878
Afskriftir ársins	(51.355)	(49.090)
Staða í árslok	636.101	657.583

Fjárhæðir færðar í rekstrarreikning:

Afskriftir leigueigna	51.355	49.090
-----------------------------	--------	--------

Leiguskuldir greinast þannig:

	2021	2020
Leiguskuldir		
Staða í ársbyrjun	680.205	697.577
Hækkun vegna nýrra eða framlengdra samninga á árinu	4.154	8.989
Vaxtagjöld	27.100	27.261
Greiddar leiguskuldir á árinu	(68.525)	(65.500)
Hækkun vegna vísitölubindingar leigugreiðslna	25.720	11.878
Staða í árslok	668.654	680.205

Ónúvirt greiðslufæði leiguskulda greinist þannig:

	Innan árs	Eftir 1 til 5 ár	Eftir 5 ár	Samtals
Leigugreiðslur	70.875	283.753	615.633	970.261
Vaxtagreiðslur	(28.492)	(95.301)	(177.813)	(301.607)
Samtals	42.383	188.451	437.820	668.654

Fjárhæðir færðar í rekstrarreikning:

	2021	2020
Vaxtagjöld af leiguskuldum	27.100	27.261

Fjárhæðir færðar í sjóðstreymi vegna leigugreiðslna:

Vaxtaþáttur (settur fram í sjóðstreymisýfirliti í línu "Greiddir vextir")	26.910	27.120
Afborgunarpáttur (settur fram í sjóðstreymisýfirliti í línu "Afborganir leiguskulda")	41.614	38.379

Flestir leigusamningar félagsins um fasteignir fela í sér framlengingarheimildir sem félaginu er heimilt að nýta allt að einu ári fyrir lok úppsegjanlegs leigutímabils. Félagið leggur mat á það við upphaf leigusamnings hvort það sé talið nokkuð líklegt að það muni nýta heimildir til framlenginga. Ef verulegar breytingar verða á aðstæðum sem eru á valdi félagsins, mun það endurmeta hvort framlengingarheimildir verði nýttar.

Skýringar

8. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur greinast þannig í árslok:	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur	417.702	437.619
Óbein niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(23.200)	(14.300)
	394.502	423.319
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig í árslok:		
Kröfur á tengda aðila	572.255	28.975
Fjármagnstekjuskattur	326	409
Fyrirframgreiddur kostnaður	132.881	38.741
Aðrar kröfur	473	309
	705.934	68.433

9. Handbært fé

Handbært fé í árslok samanstendur af bankainnstæðum.

Félagið hefur gert samning við móðurfyrirtæki sitt um ávöxtun á lausu fé án bindingar. Krafa á móðurfyrirtækið vegna fjár í ávöxtun í árslok nemur 572 milljónum kr. (31.12.2020: 29 milljónir kr.) og er færð á meðal skammtímakrafna í efnahagsreikningi.

10. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess var 6.500 millj. kr. í árslok 2021 og er að fullu greitt. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna

Endurmatsreikningur félagsins samanstendur af endurmatshækkunum rekstrarfjármuna að teknu tilliti til tekjuskatts. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé.

Varasjóður

Lögbundinn varasjóður er stofnaður í samræmi við lög um hlutfélög nr. 2/1995 sem kveða á um að minnst 10% af hagnaði félagsins, sem er ekki ráðstafað til lækkunar á tapi fyrri ára eða lagt í aðra sjóði í samræmi við lög, skuli leggja í varasjóð þar til virði sjóðsins nemur 10% af hlutfé í félaginu. Þegar þeim mörkum hefur verið náð skal framlag í varasjóð vera minnst 5% þar til virði hans nemur fjórðungi af hlutfé í félaginu.

Skýringar

11. Vaxtaberandi skuldir

Upplýsingar um lántökur félagsins sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

	31.12.2021	31.12.2020
Langtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir frá lánastofnunum í ISK	15.484.991	14.085.132
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda	(1.215.615)	(1.281.415)
Langtímahluti vaxtaberandi skulda	14.269.376	12.803.716
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda	1.215.615	1.281.415
	1.215.615	1.281.415
Vaxtaberandi skuldir samtals	15.484.991	14.085.132
Skilmálar vaxtaberandi skulda:		
Verðtryggðar skuldir.....	6.828.083	5.715.567
Óverðtryggðar skuldir.....	8.656.908	8.369.565
	15.484.991	14.085.132
Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2021.....	-	1.281.415
Árið 2022.....	1.215.615	1.292.529
Árið 2023.....	1.218.653	1.292.529
Árið 2024.....	1.221.749	1.292.529
Árið 2025.....	3.744.905	2.642.529
Árið 2026.....	1.809.233	-
Síðar.....	6.274.837	6.283.602
	15.484.991	14.085.132

Fjárhagsskilyrði lánasamninga

Lán að fjárhæð 11.172 milljónir kr. eru með tilteknum fjárhagsskilyrðum sem snúa að hlutföllum endurgreiðslutíma lána miðað við EBITDA og vaxta sem hlutfall af EBITDA. Einnig er horft til þess að markmið áætlana séu innan ákveðinna vikmarka (31.12.2020: 5.040 milljónir kr.). Stjórnendur fara reglulega yfir fjárhagsskilyrðin og er mat stjórnenda að ekki sé hætt á að þau falli. Í lok árs 2021 stóðst fyrirtækið öll fjárhagsskilyrði lánasamninga.

12. Tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2021	31.12.2020
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	556.124	478.054
Áhrif af sérstöku endurmati fastafjármuna	702.398	0
Reiknaður tekjuskattur ársins	68.336	78.070
Tekjuskattur til greiðslu	(18.760)	0
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	1.308.097	556.124

Skýringar

12. Tekjuskattsskuldbinding, frh.

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2021	31.12.2020
Leigugeign	6.511	4.524
Varanlegir rekstrarfjármunir	(1.319.577)	(595.286)
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	4.640	2.860
Frestaður gengismunur	329	(132)
Yfirfæranlegt tap	0	31.910
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	(1.308.097)	(556.124)

Félagið er ekki samskattað með móðurfélagi sínu.

Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndaðist fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Ójafnað skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársins 2027	0	159.548
Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok	0	159.548

13. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir greinast þannig í lok tímabilsins:

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptaskuldir:		
Innlendar viðskiptaskuldir	311.558	156.376
Aðrar skammtímaskuldir:		
Skuldir við tengd félög	41.318	34.976
Fyrirfram innheimtar tekjur	122.675	3.365
Ógreidd laun og launatengdir liðir	157.379	137.393
Ógreiddir áfallnir vextir	32.133	32.612
Ógreiddur virðisaukaskattur	17.139	51.021
Ógreidd opinber gjöld	3.396	3.109
	374.040	262.477

14. Áhættustýring

a. Yfirlit

Stefna stjórnar er að tryggja að Ljósleiðarinn geti sinnt grunnhlutverki sínu á sem hagstæðastan máta með lágmarksáhættu. Áhættuhandbók lýsir meginmarkmiðum stjórnar að þessu leyti. Hún skilgreinir jafnframt megintegundir áhættu, mælikvarða við mat á þeim ásamt helstu aðferðum, markmiðum og mörkum við daglega áhættustýringu. Ein grunnstoð áhættuhandbókar er að kortleggja þá áhættuþætti sem skipta máli í þessu samhengi, mæla áhrif þeirra og skilgreina ásættanleg mörk við stýringu þeirra.

Markmið áhættustýringar er að fylgjast með, greina og stýra bæði fjárhags- og rekstraráhættum.

Fjárhagsleg áhætta greinist í:

- Markaðsáhættu
- Lausafjárahættu
- Mótaðilaáhættu
- Rekstraráhættu

Skýringar

14. Áhættustýring, frh.

b. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og annarra verðbreytinga hafi áhrif á afkomu eða virði fjármálagerninga. Markaðsáhattu Ljósleiðarans er einkum rakin til breytinga á vöxtum og verðlagi en áhætta vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla, markaðsverðbréfa er minni.

c. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta, er áhættan á því að breytingar í vöxtum hafi neikvæð áhrif á afkomu Ljósleiðarans. Ljósleiðarinn býr við vaxtaáhættu vegna vaxtaberandi eigna og skulda. Vaxtaberandi skuldir bera bæði fasta verðtryggða vexti og breytilega óverðtryggða vexti. Á árinu 2022 eru 50% af gjalddögum vaxtaberandi skulda, að teknu tilliti til áhættuvarnasamninga, með fasta vexti.

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir Ljósleiðarans greinast þannig:

Fjármálagerningar með fasta vexti	31.12.2021	31.12.2020
Fjárskuldir	6.828.083	5.715.567
	6.828.083	5.715.567
Fjármálagerningar með breytilega vexti		
Fjárskuldir	8.656.908	8.369.565
	8.656.908	8.369.565

Hækkun á vöxtum um 100 punkta til eins árs myndi lækka afkomu og eigið fé um 76.158 millj. kr. fyrir tekjuskatt (2020: 73.596 millj. kr.), lækkun á vöxtum um 100 punkta hefði haft áhrif í gagnstæða átt.

d. Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjármálagerninga, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

31.12.2021

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður						
Vaxtaberandi skuldir	15.484.991	17.663.763	1.559.758	1.538.580	7.413.220	7.152.204
Leiguskuldbindingar	668.654	985.660	72.000	72.024	216.232	625.404
Viðskiptaskuldir	311.558	311.558	311.558	0	0	0
Skuldir við tengda aðila	374.040	251.365	251.365	0	0	0
	16.839.243	19.212.345	2.194.681	1.610.605	7.629.452	7.777.608

Skýringar

14. Áhættustýring, frh.

d. Lausafjárahætta, frh.

31.12.2020

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
Fjármálagæringar sem ekki eru afleiður						
Vaxtaberandi skuldir	14.085.132	16.261.329	1.613.917	1.598.821	5.960.716	7.087.874
Leiguskuldbindingar	680.205	1.000.605	68.241	68.264	204.944	659.156
Viðskiptaskuldir	156.376	156.376	156.376	0	0	0
Skuldir við tengda aðila	262.477	259.112	259.112	0	0	0
	15.184.190	17.677.421	2.097.646	1.667.086	6.165.660	7.747.029

Komi til endurfjármögnunar langtímalána til lengingar lánstíma má gera ráð fyrir að dreifing afborgana verði önnur en að ofan greinir.

e. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi Ljósleiðarans ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagæringi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Áhætta félagsins gagnvart lánsáhættu er takmörkuð við fjárhagslegar eignir listaðar á efnahagsreikningi. Beitt er heimild í IFRS 15 til þess að líta framhjá fjármögnunarpætti krafna sem búist er við að innheimtist á innan við ári.

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem greinist þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur	394.502	423.319
Aðrar skammtímakröfur	705.934	68.433
Handbært fé	32.501	30.221
Samtals	1.132.938	521.973

Aldursgreining og virðisrýrnun viðskiptakrafna

Árið 2021	Nafnverð	Virðisrýrnun	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	327.201	3.448	323.752
Gjaldfallnar kröfur, 1 til 30 dagar	44.668	4.371	40.297
Gjaldfallnar kröfur, 31 til 90 dagar	30.674	221	30.453
Gjaldfallnar kröfur, eldri en 91 dagar	15.159	15.159	0
Samtals	417.702	23.200	394.502

Skýringar

14. Áhættustýring, frh.

e. Mótaðilaáhætta, frh.

Árið 2020	Nafnverð	Virðisrýrnun	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	242.128	2.591	239.537
Gjaldfallnar kröfur, 1 til 30 dagar	154.950	594	154.356
Gjaldfallnar kröfur, 31 til 90 dagar	26.772	862	25.910
Gjaldfallnar kröfur, eldri en 91 dagar	13.769	10.253	3.516
Samtals	437.619	14.300	423.319

Breyting á virðisrýrnun viðskiptakrafna innan ársins greinist þannig:

	2021	2020
Staða 1.1.	14.300	8.900
Afskrifað á árinu	1.579	531
Bókfærð virðisrýrnun	7.321	4.869
Staða 31.12.	23.200	14.300

Ljósleiðarinn færir niður viðskiptakröfur vegna áætlaðrar virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptakrafna er metin á hverjum uppgjörssdegi af stjórnendum. Lagt er mat á innheimtanleika krafna, bæði almennt og sértækt vegna krafna sem komnar eru í talsverð vanskil. Við mat á almennri niðurfærslu er byggt á sögulegri tapsreynslu, aldursgreiningu krafna og almennu efnahagsástandi. Ekki er talin þörf á niðurfærslu annarra skammtímakrafna.

Þjónustusvið samstæðunnar sér um innheimtu viðskiptakrafna og sér að mestu um upplýsingagjöf til viðskiptavina vegna þeirra. Innheimta fer fram eftir vel skilgreindu ferli þar sem m.a. er gætt að samræmdu verklagi við úrlausn innheimtumála.

Virðisrýrnun viðskiptakrafna er færð meðal annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi.

f. Gangvirði

Það er mat stjórnenda að ekki sé verulegur munur á bókfærðu virði fjármálagerna og gangvirði þeirra í reikningsskilunum.

g. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er skilgreind sem hættu á tjóni eða skaða sem getur orðið vegna ófullnægjandi innri ferla eða kerfa, bilunar í búnaði, háttsemi starfsfólks eða vegna ytri þátta í rekstrarumhverfi. Stjórnendur meta rekstraráhættu og fylgst er með þekktum rekstraráhættum félagsins og þær metnar með reglubundnum hætti.

Skýringar

15. Viðskipti við tengda aðila

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

	2021	2020
Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:		
Sala til Reykjavíkurborgar.....	36.246	37.571
Sala til félaga og stofnana undir stjórn Reykjavíkurborgar.....	61	0
Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....	31.768	32.921
	68.075	70.493
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:		
Kaup af Reykjavíkurborg.....	17.219	7.161
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	700.289	623.265
	717.508	630.425
Vaxtatekjur vegna kröfu á móðurfyrirtæki.....	4.123	11
Vaxtagjöld vegna skulda við móðurfyrirtæki.....	(	873)
	4.123	(862)
	31.12.2021	31.12.2020
Kröfur á tengd félög		
Krafa á stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar.....	3.660	3.332
Krafa á móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	572.255	28.975
Skuldir við tengd félög		
Skuld við stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar.....	8.494	8.895
Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	37.434	29.433
Skuld við systurfélag, Veitur ohf.....	2.521	4.424
Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.....	1.363	1.119
	41.318	34.976

Upplýsingar um laun stjórnenda má finna í skýringu 3.

Kröfur og skuldir við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar eru meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í efnahagsreikningi.

Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtaldar.

Skýringar

16. Önnur mál

Atburðir eftir reikningsskiladag

Þann 5. mars 2019 sendi lögmaður Ljósleiðarans Símanum hf. kröfu um fébætur vegna tjóns sem fyrirtækið telur sig hafa orðið fyrir vegna brots á fjölmiðlalögum, sem Póst- og fjarskiptastofnun birti ákvörðun um þ. 3. júlí 2018. Nemur krafan um 1,3 milljarði króna vegna tapaðra tekna, kostnaðar og vaxta. Óskað var formlegra viðbragða frá Símanum. Framangreindu bréfi svöruðu lögmenn Símans með bréfi dags. 19. mars 2019 þar sem Síminn hafnaði kröfunni alfarið. Síminn hf. höfðaði dómsmál á hendur Póst- og fjarskiptastofnun, Ljósleiðarans ehf., Sýn hf. og Mílu ehf. vegna ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar um lögbrotið. Dómur héraðsdóms var kveðinn upp þann 1. júlí 2020, þar sem ákvörðun PFS var staðfest, þó með nokkrum breytingum á forsendum. Málinu var áfrýjað til Landsréttar af Símanum hf., Póst- og fjarskiptastofnun og Sýn hf. og bíður þar nú meðferðar.

Ekkert hefur verið fært vegna þessarar kröfu í ársreikning félagsins.

Covid-19

Frá árinu 2020 hefur COVID-19 faraldurinn haft áhrif á efnahagslíf Íslands og alls heimsins. Faraldurinn hefur haft óveruleg áhrif á rekstur félagsins. Sjóðsstaða þess er sterk um þessar mundir og félagið er vel rekstrarhæft og getur vel tekið á sig áföll um fyrirsjáanlega framtíð.

Félagið hefur ekki þegið neina opinbera styrki eða nýtt önnur úrræði stjórnvalda vegna COVID-19. Þá hefur ekki verið endursamið um neina lánaskilmála vegna faraldursins. Áhrif hans á fjármálagerninga félagsins, virðisrýrnun eigna og gangvirðismat eigna og skulda ógna ekki rekstri eða efnahag félagsins um fyrirsjáanlega framtíð.

Skýringar

17. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi og miðar félagið við miðgengi í dagslok skv. Seðlabanka Íslands. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

b. Tekjur

Ljósleiðarinn ehf. sér um rekstur ljósleiðarakerfis. Tekjur af ljósleiðarakerfi eru færðar við afhendingu á vöru og þjónustu og eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Um er að ræða samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar. Viðskiptakröfur hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

i) Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Ljósleiðarakerfi er skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þess á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Gangvirði eignanna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnsverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á kostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning er stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi Ljósleiðarans um verðbreytingar á kostnaðarliðum og tekið tillit til áætlunar um vægi hvers kostnaðarliðar í heildarkostnaði við byggingu samskonar eigna. Kostnaðarliðir og hlutfallslegt vægi þeirra var ákvarðað af sérfræðingum. Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Ljósleiðarakerfi 9 - 46 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

Skýringar

17. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

iv) Virðisrýrnun

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð er metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði er ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eignanna. Fjárstreymi er byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlun um framtíðar þróun starfseminnar, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 6 um varanlega rekstrarfjármuni.

d. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri tapsáhættu félagsins en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

e. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar fyrirtækinu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvæxtu og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

f. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 20% vegna ársins 2021.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.

Skýringar

17. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

g. Leigusamningar

Við upphaf samnings leggur félagið mat á það hvort samningur eða hluti hans feli í sér leigusamning. Samningur er leigusamningur að hluta eða heild ef samningurinn felur í sér rétt til yfirráða tiltekinnar eignar á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald. Við mat á því hvort í leigusamningi feli í sér yfirráð tiltekinnar eignar notar félagið skilgreiningu leigusamnings í IFRS 16.

i Félagið sem leigutaki

Við upphaf eða breytingu á samningi sem felur í sér leiguhluta úthlutar félagið endurgjaldinu á leiguhluta á grundvelli sjálfstæðs verðs hvers hluta fyrir sig. Fyrir leigusamninga um fasteignir hefur félagið hins vegar kosið að aðgreina ekki leiguhluta frá öðrum hlutum samningsins og færir þá sem einn leigusamning.

Félagið færir leigueign og leiguskuld við upphaf leigusamnings. Leigueignin er upphaflega færð á kostnaðarverði. Upphafleg fjárhæð leiguskuldarinnar að teknu tilliti til leigugreiðslna sem hafa fallið til fyrir eða á upphafsdegi samningsins, beinum kostnaði við öflun leigueignarinnar og áætlaðum kostnaði við að taka niður og fjarlægja eignina eða til þess að færa eignina eða umhverfi hennar í samt horf að loknum leigusamningi og að frádregnum leiguívilnunum sem félagið hefur fengið.

Leigueignin er í kjölfarið afskrifuð línulega frá upphafi til loka leigusamningsins, nema þegar eignarhald flyst yfir til félagsins í lok leigutímabilsins eða ef kostnaðarverð leigueignarinnar endurspeglar að félagið muni nýta sér kauprétt í lok leigutímabilsins. Í þeim tilfellum er leigueignin afskrifuð á nýtingartíma eignarinnar. Nýtingartíminn er ákvarðaður með sömu aðferð og notuð er fyrir aðra fastafjármunir félagsins. Jafnframt er virði leigueignar lækkað reglubundið um sem nemur virðisrýrnun hennar ef einhver er og leiðrétt vegna endurmats leiguskuldarinnar.

Leiguskuld er upphaflega færð á núvirði ógreiddra leigugreiðslna á upphafsdegi leigusamningsins. Greiðslurnar eru núvirtar með því að nota innbyggða vexti leigusamningsins, séu þeir tiltækir, en annars notar félagið þá vexti sem það fær á nýju lánsfé. Að jafnaði notar félagið vexti á nýju lánsfé til núvirðingar.

Félagið ákvarðar vexti á nýju lánsfé með því að sækja vaxtaupplýsingar vegna ólíkra fjármögnunarleiða og gerir tilteknar aðlaganir til að endurspegla skilmála leigusamningsins og eiginleika eignarinnar sem er leigð.

Leigugreiðslur sem eru innfaldar í ákvörðun fjárhæðar leiguskuldar félagsins fela í sér eftirfarandi:

- Fastar greiðslur, þar með taldar leigugreiðslur sem eru samkvæmt eðli sínu fastar
- Breytilegar leigugreiðslur tengdar vöxtum eða vísitölu, upphaflega áætlaðar miðað við vexti eða vísitölu á upphafsdegi
- Fjárhæðir sem gert er ráð fyrir að þurfi að greiða samkvæmt hrakvirðistryggingu
- Kaupverð samkvæmt kaupréttarákvæði í leigusamningi þegar félagið telur nokkuð víst að það muni nýta kaupréttinn, leigugreiðslur á valkvæðum framlengingartímabilum ef félagið er nokkuð viss um að það muni nýta framlengingarheimildir og greiðslur vegna uppsagnar leigusamnings fyrir lok leigutímans, nema félagið sé nokkuð viss um að nýta ekki uppsagnarheimildir.

Leiguskuldin er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum, ef það er breyting á mati félagsins á fjárhæð sem það væntir að verði greidd samkvæmt hrakvirðistryggingu, ef félagið breytir mati sínu á því hvort það muni nýta kaupréttarákvæði, heimildir til framlengingar eða uppsagnar leigusamnings eða ef það er breyting á fjárhæð leigugreiðslu sem er í eðli sínu föst.

Þegar leiguskuldin er endurmetin með þessum hætti þá er samsvarandi leiðrétting gerð á bókfærðu verði leigueignarinnar, eða leiðrétting færð í rekstrarreikning félagsins ef bókfært virði leigueignarinnar hefur verið fært niður í núll.

Leigueignir og leiguskuldir eru sérgreindar í efnahagsreikningi.

Skýringar

17. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

g. Leigusamningar, frh.

Skammtímaleigusamningar og leigusamningar um eignir með lágt verðgildi

Félagið kys að færa ekki leigueignir og leiguskuldir vegna leigusamninga um eignir að lágu virði og leigusamninga sem eru til skamms tíma. Félagið gjaldfærir leigugreiðslur vegna þessara leigusamninga línulega á leigutíma.

ii Félagið sem leigusali

Við upphaf eða breytingu á samningi sem inniheldur leigubátt skiptir félagið endurgjaldi samkvæmt samningnum niður á einstaka leigubætti samningsins á grundvelli hlutfallslegs sjálfstæðs verðs þeirra.

Þegar félagið er leigusali þá er ákvarðað við upphaf leigusamnings hvort um er að ræða fjármögnunarleigusamning eða rekstrarleigusamning.

Við flokkun leigusamnings leggur félagið heildstætt mat á það hvort leigusamningurinn flytji meginhluta áhættu og ávinnings sem tilheyrir eignarhaldi hinnar undirliggjandi eignar. Ef það er niðurstaðan þá er leigusamningurinn fjármögnunarleigusamningur en ef ekki þá er hann rekstrarleigusamningur. Ákveðnir þættir eru hluti af þessu mati eins og til dæmis hvort leigusamningurinn nær yfir meginhluta nýtingartíma eignarinnar.

Félagið færir leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga línulega yfir leigutímabilið og setur þær fram meðal annarra tekna í rekstrarreikningi.

18. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem félagið hefur ekki ennþá innleitt

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gilda um fjárhagsár sem byrja eftir 1. janúar 2021 en heimilt er að beita þeim fyrir gildistöku þeirra. Félagið hefur hins vegar ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrr en heimilt var við gerð þessara reikningsskila.

Ekki er búist við að eftirfarandi breytingar á stöðlum og túlkunum muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

- IFRS 17 Vátryggingasamningar
- Breytingar á IFRS 17 og IFRS 4 vegna gildistöku IFRS 17 Vátryggingasamninga
- Breytingar á tilvísunum til Hugtakaramma alþjóðlegra reikningsskilastaðla
- Hagnaður fyrir upphaf notkunar (breytingar á IAS 16)
- Óhagstæðir samningar – Kostnaður við uppfyllingu samnings (breytingar á IAS 37)
- Árlegar uppfærslur IFRS staðla 2018-2020 (breytingar á IFRS 1, IFRS9, IFRS 16 og IAS 41)
- Flokkun skulda í skammtíma- og langtímaskuldir (breytingar á IAS 1)

Skýringar

19. Upptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Breytingar á reikningsskilaaðferðum til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS)

Eins og tekið er fram í skýringu 2(a) um reikningsskilaaðferðir er þetta fyrsti ársreikningur félagsins sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem fjallað er um í skýringum um reikningsskilaaðferðir. Þetta á einnig við um samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2020 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2020, þar sem breytingar taka gildi þann dag, sem einnig er nefndur innleiðingardagur.

Fjárhæðum í opnunarefnahagsreikningi 1. janúar 2020 hefur verið breytt í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en voru áður birtar í samræmi við íslensk lög og reikningsskilavenjur. Meðfylgjandi skýringar og töflur sýna hvaða áhrif yfirfærsla frá íslenskum reikningsskilavenjum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur haft á fjárhagsstöðu félagsins og afkomu. Ekki er um að ræða verulegar breytingar á sjóðstreymi félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samanborið við hvernig það var áður samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum.

Afstemming á eigin fé 1. janúar 2020

	Ársreikninga- lög 31.12.2019	Endur- flokkað	IFRS 1.1.2020
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	21.996.831		21.996.831
Fjárfestingabirgðir	16.188		16.188
Leigugæð	0	685.806	685.806
Fastafjármunir samtals	22.013.019	685.806	22.698.825
Viðskiptakröfur	442.566		442.566
Aðrar skammtímaskröfur	146.094		146.094
Handbært fé	84.467		84.467
Veltufjármunir samtals	673.127	0	673.127
Eignir samtals	22.686.145	685.806	23.371.952
Eigið fé			
Hlutfé	6.500.000		6.500.000
Endurmatsreikningur	898.164		898.164
Lögbundinn varasjóður	77.494 (	942)	76.552
Óráðstafað eigið fé	493.298 (	8.475)	484.823
Eigið fé samtals	7.968.956 (	9.417)	7.959.539
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	12.462.394		12.462.394
Tekjuskattsskuldbinding	480.408 (	2.354)	478.054
Leiguskuld	0	633.232	633.232
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals	12.942.802	630.877	13.573.679
Viðskiptaskuldir	406.523		406.523
Aðrar skammtímaskuldir	222.116		222.116
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda	1.145.748		1.145.748
Næsta árs afborgun leiguskulda	0	64.346	64.346
Skammtímaskuldir samtals	1.774.387	64.346	1.838.733
Skuldir samtals	14.717.189	695.223	15.412.412
Eigið fé og skuldir samtals	22.686.145	685.806	23.371.952

Skýringar

19. Uptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla, frh.

Afstemming á eigin fé 31. desember 2020

	Ársreikninga- lög 31.12.2020	Endur- flokkað	IFRS 31.12.2020
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	22.817.809		22.817.809
Fjárfestingabirgðir	14.750		14.750
Leigueign	0	657.583	657.583
Fastafjármunir samtals	22.832.559	657.583	23.490.142
Viðskiptakröfur	423.319		423.319
Aðrar skammtímakröfur	68.433		68.433
Handbært fé	30.221		30.221
Veltufjármunir samtals	521.972.781	0	521.972.781
Eignir samtals	23.354.532	657.583	24.012.114
Eigið fé			
Hlutfé	6.500.000		6.500.000
Endurmatsreikningur	870.456		870.456
Lögbundinn varasjóður	109.588	(1.810)	107.778
Óráðstafað eigið fé	809.854	(16.288)	793.566
Eigið fé samtals	8.289.898	(18.098)	8.271.800
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	12.803.716		12.803.716
Tekjuskattsskuldbinding	560.648	(4.524)	556.124
Leiguskuld	0	613.032	613.032
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals	13.364.365	608.507	13.972.872
Viðskiptaskuldir	156.376		156.376
Aðrar skammtímaskuldir	262.477		262.477
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda	1.281.415		1.281.415
Næsta árs afborgun leiguskulda	0	67.173	67.173
Skammtímaskuldir samtals	1.700.269	67.173	1.767.442
Skuldir samtals	15.064.633	675.681	15.740.314
Eigið fé og skuldir samtals	23.354.532	657.583	24.012.114

Skýringar

19. Upptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla, frh.

Afstemming á heildarafkomu ársins 2020

	Ársreikninga- lög 2020	Endur- flokkað	IFRS 2020
Rekstrartekjur	3.109.609		3.109.609
Laun og launatengd gjöld	(253.963)	(253.963)	
Annar rekstrarkostnaður	(693.644)	65.500	(628.145)
Rekstrarkostnaður samtals	(947.608)	65.500	(882.108)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	2.162.001	65.500	2.227.501
Afskriftir	(1.044.010)	(49.090)	(1.093.100)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	1.117.991	16.409	1.134.401
Vaxtatekjur	684	684	
Vaxtagjöld og verðbætur	(717.912)	(27.261)	(745.173)
Gengismunur	419	419	
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(716.809)	(27.261)	(744.070)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	401.182	(10.851)	390.331
Tekjuskattur	(80.240)	2.170	(78.070)
Hagnaður og heildarafkoma ársins	320.942	(8.681.060)	312.261

Yfirlit yfir helstu breytingar við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

i) Leigusamningar

Í samræmi við settar reikningsskilareglur hafa leigusamningar verið flokkaðir í annars vegar fjármögnunarleigusamninga og hins vegar rekstrarleigusamninga. Samkvæmt þeirri flokkun hafa rekstrarleigugreiðslur verið gjaldfærðar þegar þær falla til á leigutímabilinu. Við upptöku IFRS skal beita einni reikningsskilaaðferð vegna allra leigusamninga sem ekki eru til skemmri tíma eins árs eða vegna eigna með óverulegt virði. Nánari útskýring á reikningsskilaaðferð samkvæmt IFRS er að finna í skýringu 17. Við upptöku IFRS beitti fyrirtækið heimild samkvæmt IFRS 16 til að meta leigueign sem núvirði útistandandi leiguskulda að frádregnum fyrirframgreiddum leigugreiðslum.

Félagið hefur áður endurmetið varanlega rekstrarfjármuni í samræmi við settar reikningsskilareglur. Endurmatsaðferð er heimil samkvæmt IFRS og hefur henni verið beitt í samstæðu móðurfélags félagsins sem gerir reikningsskil sín í samræmi við IFRS með samhæfðum hætti. Þar sem endurmatið uppfyllir kröfur IFRS vegna endurmats varanlegra rekstrarfjármuna kallar það því ekki á leiðréttingu á upphafsstöðu við upptöku IFRS.